



ORKUSTOFNUN

LAUGAVEGI 116, REYKJAVÍK

SÍMI 17400

HRAUNFLÓÐAVARNIR

VIÐ KRÖFLUVIRKJUN

VIÐAUKI II

NÓV. 1976

RÁÐGJAFEVERKFRÆÐINGAR

VERKFRÆÐISTOFA

SIGURÐAR THORODDSEN H.F.

SÍMI 8 44 99

VIRKIR H.F.

TÆKNILEG RÁÐGJAFAR
OG RANNSOKNARSTÖRF

SÍMI 11700

ATHUGUN Á RENNSLISLEIÐUM HRAUNS VESTAN OG SUNNAN ÞRÍHYRNINGA

Undirritaður var við Kröflu þann 10. og 11. þ.m. til athugunar á rennslisleiðum hrauns vestan og sunnan Þríhyrninga, einkum með tilliti til þess, hvort beina mætti hraunstraumi, sem veitt væri með Þríhyrningum aftur til austurs niður Hvíthólaklif ofan í Hlíðardal.

Ekki eru tiltæk nákvæm yfirlitskort af hraunbreiðunni vestan Þríhyrninga. Til athugunar á veitumöguleikum hrauns á þessu svæði var því notast við nýteknar loftmyndir í Mkv ca. 1:27000 og 1:18000 auk korts Orkustofnunar í Mkv 1:5000, sem nær inn á jaðar svæðisins. Til viðbótar voru gerðar hallamælingar á svæðinu.

Við athugun loftmynda má sjá hraunkamb, sem nær frá hliðinni sunnan Hvíthólaklifs vestur á Leirhnúkshraunið að hólum á miðju hrauninu, eins konar "hrauneyjum". Norðan þessa hraunkambs hallar hrauninu meðfram kambinum til austurs að Hvíthólaklifi. Hraunkamburinn, sem að ofan er nefndur er víðast ca. 2-4 m hár. Svo virðist sem minni háttar þunnfljótandi hraunstraumur suður með hliðum Þríhyrninga muni sjálfkrafa leita til austurs niður Hvíthólaklif.


Eins víst er, að hraun verði farið að flæða yfir varnargarð Kröfluvirkjunar fram í Hlíðardal og Þríhyrningadal áður en hraunstraumurinn á Leirhnúkshraunbreiðunni hafi náð þeirri hæð, að straumurinn leiti fram Eldána til byggða.

Til að tryggja öryggi byggðarinnar gegn hugsanlegu hraunflóði af völdum hraunveitunnar og ekki síður til að beina hraunstraumi frá hugsanlegum eldstöðvum á syðsta hluta Leirhnúkssprungunnar fram Hvíthólaklif er á meðfylgjandi uppdrætti nr. 75.003 sýnd tillaga að leiðigarði byggðum á ofanefndum hraunkambi á Leirhnúkshrauninu. Leiðigarður þessi er um 1850 m langur og hæð hans að jafnaði um 3 m yfir hraunkambinn. Auk þess sem kamburinn er hækkaður með þessu móti er fyllt í skörð þau, sem fyrir eru í honum.

Frá enda garðsins úti á hrauninu yfir að "hrauneyjum"
er ekki ástæða til að hækka hraunkambinn.

Hraunið í hraunkambinum er allmikið brunnið og ætti að
vera tiltölulega auðvelt að ýta garðinum upp. Lauslega
áætlað efnismagn er 50.000 m³ og kostnaður 15 Mkr.

F.h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f.


Ólafur Bjarnason

